

Reykjavíkurborg  
Einar Þorsteinsson borgarstjóri  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2024

## Efni: Hlutverk Umferðarmiðstöðvarinnar og samningar Reykjavíkurborgar við Kynnisferðir

Félag atvinnurekenda (FA) gætir m.a. hagsmuna fyrirtækja í fólksflutningum. Athygli félagsins hefur verið vakin á að samningar Reykjavíkurborgar við Kynnisferðir ehf. um einkaafnot af Umferðarmiðstöðinni við Vatnsmýrarveg hamli eðlilegri samkeppni í fólksflutningum.

### Áform Reykjavíkurborgar um samgöngumiðstöð

FA vísar m.a. til fréttatilkynningar Reykjavíkurborgar, dags. 27. september 2012, um kaup borgarinnar á Umferðarmiðstöðinni af Mynni ehf. og Landsbankanum. Í tilkynningunni kom fram að áform borgarinnar væru þau að Umferðarmiðstöðin tæki að mestu við hlutverki núverandi skiptistöðvar Strætó á Hlemmi. Einnig kom fram að kaupunum fylgdi leigusamningur við Kynnisferðir. Stefnt væri að því að „gera nýjan samning við fyrirtækið sem taki mið af breyttum aðstæðum en taki jafnframt tillit til hagsmuna fyrirtækisins.“

Í tilkynningunni var áformum borgarinnar lýst þannig:

„Öðrum þjónustuaðilum verður boðin aðstaða í húsinu svo það geti orðið öflug skiptistöð í samgöngum sem tengist þjónustu við ferðamenn og flugsamgöngur. Gert er ráð fyrir því að sala á farmiðum, ferðum, upplýsingaþjónusta um gistingu og hótél, aðstaða fyrir leigubíla, bílaleigur og hjólaleigu verði til staðar í húsinu. Þá mun verða aðstaða í húsinu fyrir ýmis konar þjónustu, t.d. litlar búðir, veitingastaði, hraðbanka, netkaffi og fleira sem geri það meira aðlaðandi.“

Þessi áform hafa ekki gengið eftir, en eru þó óbreytt ef marka má greinargerð tillögu að deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni, dags. 18. janúar 2022, en þar kemur fram að „Umferðarmiðstöðin (BSÍ) verði aðalmiðstöð almenningsamgangna í miðbænum.“ Þar er jafnframt fjallað um vinnu við þróun alhliða samgöngumiðstöðvar á U-reit við Vatnsmýrarveg. Árið 2019 hugðist borgin efna til hugmyndasamkeppni um uppbyggingu alhliða samgöngumiðstöðvar á U-reitnum. Verkefnahópur samgönguráðherra lagði til árið 2018 að ný flugstöð fyrir Reykjavíkflugvöll risi á reitnum og yrði hluti af samgöngumiðstöð, sem myndi nýtast þótt flugvöllurinn færi úr Vatnsmýrinni.

Í bréfi þáverandi borgarstjóra til borgarráðs 8. október 2018 um samgöngumiðstöð á U-reit kom eftirfarandi fram:

„Samgöngumiðstöðinni er ætlað að verða ein af meginskiptistöðvum almenningsamganga innan höfuðborgarsvæðisins, Borgarlínu og Strætó og þjóna sem upphafs- og endastöð fluglestar og annarra hópferðabifreiða út fyrir höfuðborgarsvæðið og tengipunktur við aðra ferðamáta ...“

Tveimur dögum síðar bókuðu fulltrúar núverandi meirihlutflokka í borgarstjórn í borgarráði að núverandi staðsetning samgöngumiðstöðvarinnar væri „framúrskarandi“ og fæli í sér mikil tækifæri fyrir almenningssamgöngur.

Eins og áður segir hafa áform borgarinnar um framtíð U-reitsins enn ekki orðið að veruleika. Á meðan er staðan hins vegar sú að eitt fyrirtæki af mörgum í fólklutningum situr eitt að aðstöðu í eigu borgarinnar á framúrskarandi stað. Kynnisferðir eru annað tveggja rútufyrirtækja sem sinna akstri frá Reykjavík til Keflavíkurflugvallar samkvæmt útboði Isavia. Í síðasta útboði var gerð krafa um að bjóðendur skyldu hafa yfir að ráða miðstöð í skilningi 3. gr. laga nr. 28/2017, þ.e. *miðstöð, mannaðri starfsfólki, með t.d. innritunarborði, biðsal eða miðasölu*. Keppinautur Kynnisferða rekur slíka aðstöðu við Skógarhlíð sem er alls ekki heppileg staðsetning, meðal annars vegna nálægðar við íbúðahverfi og aðra atvinnustarfsemi, eins og borgaryfirvöldum er vel kunnugt. Aðgangur að Umferðarmiðstöðinni er hins vegar ekki í boði, þar sem hún er í raun, fyrir tilstuðlan Reykjavíkurborgar, höfuðstöðvar og athafnasvæði Kynnisferða.

### Umfjöllun samkeppnisyfirvalda

FA telur ástæðu til að rifja upp umfjöllun Samkeppniseftirlitsins (SE) um rekstrarfyrirkomulag Umferðarmiðstöðvarinnar við Vatnsmýrarveg.

Í ákvörðun SE nr. 51/2007 var fjallað um það fyrirkomulag sem var á rekstrinum á þeim tíma, en þá hafði Vegagerðin, þáverandi eigandi Umferðarmiðstöðvarinnar, samið við Kynnisferðir um einkaleyfi fyrirtækisins á afgreiðslu sérleyfisbifreiða í stöðinni. Taldi SE samninginn hindra virka samkeppni og að hætta væri á að samkeppni bæri skaða af þegar einum keppinauti á markaði væri þannig veittur einkaréttur til reksturs almennrar samgöngumiðstöðvar.

Í erindi SE til samgönguráðuneytisins í maí 2010 var lögð áherzla á það, þegar horft væri til framtíðar, að í nýrri samgöngumiðstöð fengju allir aðilar sem starfa á markaði fyrir fólksflutninga með hópferðabifreiðum jafnan rétt og að „*fyllsta hlutleysis sé gætt.*“

Rekstrarfyrirkomulag Umferðarmiðstöðvarinnar var til umfjöllunar í tveimur stórum skýrslum Samkeppniseftirlitsins, sem út komu 2008 (Öflug uppbygging: Opnun markaða og efling atvinnustarfsemi) og 2011 (Samkeppnin eftir hrún). Í síðari skýrslunni var það orðað svo að samningur Kynnisferða við Vegagerðina gæti leitt til þess að „*fyrirtækið sé í afar hagstæðri stöðu gagnvart keppinautum sínum.*“

Að mati FA eiga nákvæmlega sömu sjónarmið við um stöðuna eins og hún er í dag. Það eina sem virðist í grundvallaratriðum hafa breytt er að nú er það Reykjavíkurborg, sem hefur með samningi við Kynnisferðir komið fyrirtækinu í stöðu gagnvart keppinautum sínum, sem hamlar klárlega virkri samkeppni í fólksflutningum, bæði almennt og sérstaklega hvað varðar akstur flugrútu á milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.

### Ósk um upplýsingar og fund

Með hliðsjón af framansögðu beinir FA eftirfarandi til Reykjavíkurborgar:

- Óskað er eftir upplýsingum um leigusamning borgarinnar við Kynnisferðir ehf., m.a. skilmála hans, gildistíma og uppsagnarákvæði.
- Óskað er eftir fundi með borgaryfirvöldum hið fyrsta, til að ræða hvernig keppinautar Kynnisferða geti fengið aðstöðu í Umferðarmiðstöðinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA

Afrit:  
Samkeppniseftirlitið  
Innviðaráðuneytið